

# Áttundi fundur haldinn í Laugargerðisskóla fimmtudaginn 10. júní 2021 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Skýrsla vinnueftirlitsins vegna skoðunar sem fór fram 26. maí 2021 á Laugargerðisskóla. Vinnueftirlitið kom í reglubundna skoðun í skólann 26. maí síðastliðinn og gerði úttekt á húsnæðinu. Var farið vel yfir húsið og m.a. var mældur raki. Smávægilegur raki fannst á tveimur stöðum en það er í samræmi við mælingar bæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands sem og Verkís frá því fyrr í vetur. Brugðist hefur verið við flestum ábendingum Heilbrigðiseftirlitssins og það verður klárað í sumar. Ljóst er af öllum þessum rakamælingum að sú mikla viðhaldsvinna sem unnin hefur verið undanfarin ár hefur gengið upp og þar með engin ástæða til að ætla annað en að öllum hafi átt að líða vel á svæðinu vegna húsnæðisins. Því er ljóst að íbúar samfélagsins geta verið stoltir af sínum skóla sem og þeir starfsmenn sem þar hafa unnið undanfarin ár. Jafnframt er hægt að taka á móti nýju starfsfólki með bros á vör vitandi af húsnæðinu í góðu standi. Hluti af byggingunum eru komnar vel yfir 50 ára aldurinn og er það ávalt þannig að það þarf að halda áfram að viðhalda eignunum, farið verður í þær viðhaldsframkvæmdir sem fyrirhugaðar voru á árinu nú í sumar og verður þá húsnæði skólans enn betra en verið hefur. Niðurstaða. Samþykkt að fara í þær lagfæringar sem vinnueftirlit bendir á að þarf að gera.
2. Erindi barst frá Snæfellsbæ og varðar sameiningu sveitarfélaganna. Í bréfinu sem dagsett er 8.júní 2021 er verið að kanna vilja sveitarfélagsins til að sameinast Snæfellsbæ. Niðurstaða. Samþykkt samhljóða að óska eftir fundi með bæjarstjórn Snæfellsbæjar til að athuga hvort grundvöllur er á að hefja samtali um að sameina sveitarfélögin.
3. Tölvupóstur frá Jóni Oddsyni þar sem hann segir sig úr nefndum á vegum sveitarfélagsins. Umbeðin ósk Jóns um að taka ekki þátt í nefndarstörfum á vegum sveitarfélagsins er samþykkt samhljóða.
4. Fundargerð 167 fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 5. maí 2021. Lögð fram til kynningar.
5. Minnisblað og úttekt á innheimtu og greiðsluhraða í Eyja og Miklaholtshrepp unnið af Motus. Í minnisblaðinu kemur fram að skil á gjöldum í sveitarfélaginu er mjög góð og til fyrirmyndar.
6. Fundargerð 193 fundar félagsmálanefndar Snæfellinga frá 4. maí 2021. Lögð fram til kynningar.
7. Minnisblað vegna sameiningar Kjósahrepps við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Sveitarstjórn Eyja og Miklaholtshrepps leggst ekki gegn þessari sameiningu.
8. Fundargerð 194 fundar félagsmálanefndar Snæfellinga frá 1. Júní 2021. Lögð fram til kynningar.
9. Fundargerð 897 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30 apríl 2021. Lögð fram til kynningar.
10. Fundargerð 898 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lögð fram til kynningar.
11. Fyrirhugaðar viðhaldsframkvæmdir við Laugargerðisskóla, eftir fund fer hreppsnefnd um skólann. Sveitarstjórn fór yfir næstu skref í viðhaldi á Laugargerðisskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir ( sign )

Halldór Jónsson ( sign )

Gísli Guðmundsson ( sign )

Atli Sveinn Svansson ( sign )

Eggert Kjartansson ( sign )